

Reglur um skólaakstur á Akureyri

Reglur þessar eru settar með vísan til 22. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 3. gr. reglna um skólaakstur í grunnskólum nr. 656/2009.

1. Rétt á skólaakstri (í og úr skóla) eiga þeir nemendur sem eiga heima í lengri fjarlægð en 1,5 km frá skólalóð þess skóla sem næst er. Þetta á þó ekki við um innbæinn fyrir nemendur í 1. – 5. bekk á meðan ekki er örugg gönguleið í Brekkuskóla og Naustaskóla.
2. Skólaakstur er fyrir þá nemendur sem þurfa að sækja sundkennslu og/eða íþróttakennslu samkvæmt stundatöflu, þar sem viðkomandi íþróttamannvirki eru ekki staðsett innan skólalóðar eða í næsta nágrenni skólans. Þeir sem alla jafnan njóta aksturs skv. þessari grein eru nemendur í 1. – 4. bekk.
3. Skólaakstur fer fram samkvæmt tímatöflu sem unnin er af Skóladeild Akureyrarbæjar í samvinnu við stjórnendur grunnskólanna.
4. Skólaakstur fer fram með þrennum hætti.
 - Með sérstökum skólabílum.
 - Með almenningsvögnum.
 - Einnig er heimilt að semja um greiðslur til foreldra fyrir eigin akstur, þegar um lengri vegalengdir er að ræða, utan almenningsamgöngukerfis sveitarfélagsins.

31. október 2011,
Skóladeild Akureyrarbæjar.